



Hreppsnefnd 08.05.02

Fundargerð hreppsnefndar

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn 8. maí 2002 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sgiurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Erla Runólfsdóttir og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 23. apríl sl. Varðandi 7. mál. Kosning í kjörnefnd Vopnafjarðarhrepps kom fram að kjósa varð varamann í kjörnefnd. Tillaga kom fram um Baldur Kjartanssin oig var hún samþykkt. var kosinn. 9.mál. Varðandi leigu á íbúðinn Steinholt 10, og upplýsti sveitarstjóri að samkvæmt samkomulagi milli sveitarstjórnar og íbúðarlánasjóðs, leigir Vopnafjarðarhreppur húsnæðið og endurlegir það síðan aftur. 11. mál. Byggðastofnun, erindi Vopnafjarðarhrepps. Skýrði sveitarstjóri stöðu málsins og hvernig Byggðastofnun vill afgreiða málið. Mikil umræða var um málið og var sveitarstjóra ásamt oddvita og varaoddvita falið að vinna áfram að endanlegri lausn málsins.. Síðan var fundargerðin samþykkt.

2. mál. Fundargerð dags. 19. apríl sl., vegna heimsóknar Lars Frederiksen . fundargerði lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 23. og 30. apríl sl. Í fundargerð nefndarinnar frá 23. apríl er tillaga til hreppsnefndar varðandi lyktarmengun af völdum fiskimjölsverksmiðju Tanga h/f. Sveitarstjórn tekur undir þau sjónarmið nefndarinnar, sem fram koma í tillögunni. Fundargerðirnar að öðru leyti lagðar fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð starfshóps hreppsnefndar vegna atvinnumála frá 3. maí sl. Lögð fram til kynningar.

5.mál. Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps, félagslegra íbúða og hafnarsjóðs Vopnafjarðarhrepps, fyrir árið 2001- síðari umræða. Sveitarstjóri skýrði helstu stærðir í fyrirliggjandi ársreikningum og svaraði framkomnum fyrirspurnum. Að því loknu lagði hann til að ársreikningarnir yrðu samþykktir.

Oddviti vakti máls á rekstri Lyfsölu Vopnafjarðar. Taldi hann að endurskoða þyrfti álagningu lyfja og aðlaga rekstur Lyfsölnunnar nútíma starfsháttum. Tóku aðrir fundarmenn til máls og lýstu allir því yfir að þeir væru sammála þessum athugasemdum. Sveitarstjóra falið að koma þessu máli í vinnslu.

Oddviti bar síðan fyrirliggjandi ársreikninga fyrir árið 2001 upp til samþykktar í einu lagi og voru þeir samþykktir með 5 atkvæðum.

6. mál. Ársreikningur Skipbólma ehf. fyrir árið 2001 – síðari umræða. Sveitarstjóri skýrði fyrirliggjandi ársreikning og lagði til að hann yrði samþykktur. Samþykktur með 5 atkvæðum.

7. mál. Fundargerð Norðursvæðaverkefnisins frá 22. apríl 2002, ásamt tillögu hópsins til allra sveitarstjórna, sem unnið hafa að verkefninu. Ennfremur tillaga að skoðanakönnun. Teknar fyrir tillögur stýrihóps um Norðursvæðaverkefni, sem fram koma í fundargerð hópsins frá 22. apríl sl. Svofelld tillaga lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir tillögur stýrihóps “ Norðursvæðaverkefni”, sem fram koma í fundargerð fundar stýrihópsins sem haldinn var þann 22. apríl sl. Tillögurnar varða samvinnu um eftirtalin verkefni:

- Félags og skólabjónustu
- Sorpmál
- Brunavarnir
- Almannavarnir
- Byggingafulltrúa

Ennfremur samþykkir hreppsnefnd að taka þátt í formlegri samvinnu sveitarstjórnanna á norðursvæði Austurlands með reglubundnum fundum oddvita og sveitarstjóra sbr. 3. tl. fundargerðar stýrihópsins frá 22. apríl sl.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor fari fram skoðanakönnun, sem kannar viðhorf íbúa sveitarfélagsins til verkefnisins -Mótun nýs sveitarfélags á norðursvæði Austurlands-

Fundarmenn lögðu fram nokkrar spurningar og svaraði oddviti og sveitarstóri framkomnum spurningum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. mál. Gnýstaðir, höfnun forkaupsréttar. Samþykkt að hafna forkaupsrétti.

9. mál. Aðalfundarboð, atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 15. maí nk. Sveitarstjóri mun mæta á fundinn ásamt Jóhanni Róbertssyni.

10. mál. Fasteinga -og skipasalan, bréf dags. 3. maí sl., vegna Torfastaða, byggingabréf. Erindið samþykkt

11. mál. Fasteinga -og skipasala, bréf dags. 3. maí sl. vegna Deildarfells, byggingabréf. Erindið samþykkt

12. mál. Rauðikross Íslands, bréf dags 18. apríl sl., styrkbeiðni. Afgreiðslu málsins frestað, þar til nánari upplýsinga hefur verið aflað.

13. mál. Ýmsar fundargerðir.

a) Fundur samráðsnefndar SSA og Eypings, haldinn 17. apríl sl. Lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð samráðsnefndar Kennarasambands Íslands og launanefndar sveigarfélaga frá 9. apríl sl. Lögð fram til kynningar

c) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 20. mars sl. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.